

Fréttir

Tölublað 209

Október 2005

Miðannarmat Umsjónartími 12. október Kennarar og stofur þeirra

Stofa	Kennari	Stofa	Kennari
302	Adda María Jóhannsdóttir	206	Kristín Magnúsdóttir
203	Anna Brynjúlfsdóttir	301	Lilja Héðinsdóttir
313	Baldur Hermannsson	210	Magnús Gíslason
3	Bryndís Jónsdóttir	206	Margrét Böðvarsdóttir
Ekki	Dagrún Steinunn Ólafsd.	Ekki	Ragnheiður H. Kristjánsd
D1	Danielle Bisch	310	Sigurbj. Anna Guðnadóttir
Ekki	Erla Ragnarsdóttir	203	Sigurður B. Jónsson
202	Eva Björk Jónudóttir	6	Símon Jón Jóhannsson
D1	Geir Hallsteinsson	8	Stefán Örn Valdimarss.
4	Gerður Steinþórsdóttir	9	Steinhildur Hildimundard.
1	Guðmunda Birgisdóttir	4	Sveinn Þórðarson
303	Guðný Árnadóttir	301	Tamara Soutourina
213	Guðríður Karlsdóttir	D3	Unnar Örn Þorsteinsson
113	Guðrún Á. Guðmundsd.	202	Viðar H. Steingrímsson
302	Guðrún Jónsdóttir	313	Þórdís Ólafsdóttir
2	Halldór Árni Sveinsson		
5	Helgi Guðmundsson		
307	Hildur Einarsdóttir		
306	Hrafnhildur R Jósefsdóttir		
310	Inga Jóna Þórisdóttir		
9	Jón Barðason		
304	Jóna Valborg Árnadóttir		



Skólasóknarreglur

Þar sem kennarar eru að senda út bréf til þeirra sem hafa ekki mætt sem skyldi og boða þá í viðtal er rétt að minna á eftirfarandi úr skólasóknarreglum.



Um vinnubrögð

Það sem snýr að nemendum sjálfum:

1. Nemendur bera ábyrgð á eigin mætingu. Þeir geta fylgst með stöðu sinni í upplýsingakerfinu Innu og eiga að þekkja þær reglur sem gilda um skólasókn. Þeir bera jafnframt ábyrgð á því ef fjarvistir þeirra verða fleiri en heimilt er samkvæmt reglum skólans.
2. Nemendum ber að tilkynna veikindi að morgni veikindadags. Nemendur eru inntit eftir umfangi og alvarleika veikinda.
3. Nemendur sem fá undanþágu frá mætingareglum skrifa undir samkomulag þar sem fram kemur að undanþágan er takmörkuð og að hana eigi aðeins að nota ef brýna nauðsyn beri til. Jafnframt er þar kveðið á um að nemendur beri ábyrgð á því að skila verkefnum á réttum tíma.
4. Nemandi sem fellur á önn vegna skólasóknar má einu sinni sækja um að fá að koma í skólann á næstu önn, að uppfylltum skilmálum. Nemandi sem fellur á önn tvívegis tapar skólavist sinni þangað til annað verður ákveðið. Nemandi sem fellur á önn vegna skólasóknar lendir ávallt á biðlista og á ekki víst sæti í skólanum á næstu önn.
5. Nemandi, sem er í færri en 24 kennslustundum á viku, á ekki rétt á að fá skólasóknareiningu samkvæmt þessum viðmiðum. Eining fyrir skólasókn er ekki gefin oftar en nemur meðalnámstíma (í önnum) námsbrautarinnar sem nemandinn er skráður á. Eining fyrir skólasókn er mest gefin 8 sinnum.

Forsetinn í heimsókn og Hansadagar

Dagana 20.-21. október verður forseti Íslands í opinberri heimsókn í Hafnarfirði. Reiknað er með honum og fóruneyti hans hingað í skólann eftir hádegi 21. október. Verið er að skipuleggja dagskrá sem verður nánar auglýst síðar en vitaskuld verður tekið á móti honum af þeirri virðingu sem við á. Ekki dugar minna.

Um sama leyti verða Hansadagar í Hafnarfirði og verður eitt og annað gert í tilefni af því hér, þó meginþunginn verði á heimsókn forsetans.





Miðannarmat

Miðannarmat hefur verið unnið nokkur undanfarin ár. Því hefur verið dreift til nýnema fyrst og fremst en að þessu sinni verður öllum nemendum skólans gefin umsögn, eftir því sem færi er á.

Miðannarmat er ekki hugsað sem stóri dómur og er ekki byggt á mjög flóknu námsmati. Það er miklu frekar vísbending til nemenda um stöðu þeirra. Hugsunin er sú að þeir sem standi vel fái hvatningu til að halda áfram en að þeir sem ekki standi vel fái vísbendingar um hvar þeir þurfi að bæta sig.

Miðannarmatinu verður dreift í umsjónartíma vikuna 10.-14. október. Það má einnig nálgast það í INNU. Flestir fá það í hendur 12. október en þeir sem eru í LKN111 og HMN fá það í umsjónartíma.

Hér eru þeir einkunnakvarðar sem notaðir eru í miðannarmati:

Gott / G: Til að fá umsögnina gott þarf nemandinn að hafa öll eftirfarandi atriði í lagi:

Námsástundun er í lagi, kemur undirbúinn í tíma, er virkur og verkefnaskil eru góð hjá honum.

Nemandi sem fær þessa umsögn er í góðum málum með sama áframhaldi.

Viðunandi / V: Ef gefin er umsögnin viðunandi er um að ræða eitt eða fleiri þessara atriða hjá nemandinn og úr þeim þarf að bæta:

Kemur stundum ólesinn eða bókarlaus í tíma, tekur ekki nægilega virkan þátt í tíma, skilar ekki verkefnum eða skilar of seint.

Nemandi sem fær þessa umsögn má alls ekki slaka á og þarf frekar taka sig á.

Ófullnægjandi/Ó: Ef gefin er umsögnin ófullnægjandi er um flest eða öll þessi atriði að ræða og úr þeim þarf að bæta:

Kemur of oft óundirbúinn í tíma, kemur of oft bókarlaus, er óvirkur í tímum og/eða skilar ekki verkefnum á réttum tíma.

Nemandi sem fær þessa umsögn þarf að taka sig verulega á til að ljúka áfanganum með viðunandi hætti.



Samræmd próf

Innitrun í samræmd próf lýkur 15. október. Nemendur í ENS, ÍSL, ST/Æ 503, nemendur á síðustu eða næstsíðustu önn eru hvattir til að skrá sig í samræmd próf tímanlega svo ekki séu bæði prófin framundan á sömu önn. Til að geta útskrifast þurfa nemendur að hafa tekið tvö samræmd próf. Sjá nánar auglýsingar á veggjum skólans.

Endalaus frí

Að morgni föstudagsins 7. október er frí eina kennslustund vegna Rokkballs/Rockfestívals NFF. Það er í fyrsta tíma en að öðru leyti er kennt skv. stundaskrá. Mánudaginn 10. október er svo haustfrí en kennt skv. stundaskrá frá þriðjudeginum 11. október. Sögusagnir um að frið sé þarna í tilefni 65 ára afmælis John Lennon, 9. október, eru úr lausu lofti gripnar. Hins vegar er þetta alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn.

Rockfestival 2005

Stjórn NFF og stjórnendur skólans leggja mikla áherslu á að rockfestivalið 6. október gangi vel fyrir sig þar sem töluverð vandamál hafa fylgt þessu balli undanfarin ár. Að mati skólans er hér um úrslitartilraun að ræða.

Við vekjum athygli á eftirfarandi:

Húsið opnar kl. 9:00, lokar kl. 11:00, ballið stendur til kl. 01:00

Miðar eru eingöngu seldir nemendum skólans.

Ef sést til einstaklinga með áfengi fyrir utan samkomustað, eða sjást á þeim áhrif þá er þeim ekki hleypt inn á ballið.

Hnúajárn og hættulegir gaddar á handleggjum eða fótum eru teknir af fólki við innganginn.

Áfengismælir verður á staðnum og býðst nemendum að blása í mælinn. Allir sem sanna edrúmennsku sína taka þátt í happadrætti sem dregið verður úr í hádegi á föstudegi í matsal skólans.

Stjórnin



Aðgangsorð



Í ljósi umræðu liðinna daga um tölvupóstleka er rétt að eftirfarandi komi fram. Ef aðgangsorð vantar að My School, INNU eða NFF-neti skólans þá getur skrifstofan bjargað slíku. Þessi aðgangsorð eru á ábyrgð handhafa og öll misnotkun eða kæruleysi getur leitt til lokunar.

Þá er minnt á að nemendur eiga að gæta reglulega að pósti sínum og skoða í My School því þar eru sett gögn og upplýsingar um námið.